



Bréfið er sent á Stjórn SSH, Samstarfsnefnd skíðasvæðanna og verkefnahóp um framkvæmdir á skíðasvæðunum.

Efni: Að staðið verði við áætlun og stefnu um opnun Skálafells.

Þetta bréf er skrifað fyrir hönd hópsins Opnum Skálafelli, sem hefur í meira en áratug barist fyrir enduroppun og uppbyggingu skíðasvæðisins í Skálafelli. Við erum áhugafólk um skíðaiðkun (undir skíðaiðkun falla í okkar tungutaki líka snjóþretti, gönguskíði og fjallaskíði) og velunnarar Skálafells. Við teljum þetta vera umtalsvert lýðheilsu- og fjölskyldumál og muni bæta lífsgæði íbúa og samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins.

Lýðheilsumál: Það eru ekki margar íþróttir sem eru jafn aðgengilegar ungum sem öldnum og sem fjölskyldan getur stundað saman. Sund og sundlaugamenning Íslendinga er líklega það sem kemst næst þessari afþreyingu. Vetrariþróttir eru holl og góð útivist sem styrkir bæði líkamlega og andlega heilsu fólks. Útivera yfir dimmstu tíma ársins er mikils virði og á tímum þar sem sífellt meiri áhersla er lögð á geðrækt til jafns við líkamsrækt er hver dagur þar sem kynslóðirnar koma saman í útiveru og leik mikils virði.

Bréfritarar skora á sveitarstjórnarfólk að hugsa vandlega um það hversu mörg sambærileg tækifæri þéttbýlisbúar hafa til þess yfir vetrarmánuðina. Það er ekki að ástæðulausu að rúmlega hundrað milljón manns eru taldar stunda skíði í heiminum og sýnir snögg yfirferð á veraldarvefnum að þrátt fyrir ýmsar efnahagslegar og veðurfarslegar áskoranir dafnar skíðaiþróttin ágætlega víða um heim.

Leiða má að því líkum að hnignun skíðaiþróttarinnar á höfuðborgarsvæðinu megi allt eins rekja til metnaðarleysis yfirvalda frekar en áhugaleysis almennings. Það er dapurlegt að hugsa til þess að þegar yfirvöld tóku við þeim svæðum sem byggð höfðu verið upp af hugsjónafólki í sjálfbærliðastarfi hafi dofnað eldmóður fyrir því að koma þúsundum fólks út undir bert loft um helgar og um páska. Erindi íþróttarinnar við almenning er óbreytt. Með þessu er í engu hallað á starfsfólk skíðasvæðanna sem hafa unnið gott starf við krefjandi aðstæður á undanförunum árum. Vísbendingar eru um að áhugi meðal almennings sé umtalsverður. Á hvert eyða íbúar höfuðborgarsvæðisins umtalsverðum fjárhæðum í skíðaferðir erlendis. Áhuginn er slíkur að Ícelandair hefur fundið markað fyrir flug á áfangastaði sem flytja fólk „nánast einungis“ á skíði eins og t.d. Innsbruck og Verona. Í vetrarfríum fyllast brekkur norðan heiða af skíðafólki af suðvesturhorninu.

Veðurfar: Skálafell snýr í suður og býr við önnur veðurskilyrði en Bláfjöll. Þegar vont veður er í Bláfjöllum er oft gott veður í Skálafelli og öfugt. Þetta ræðst af landslaginu í kringum svæðin og er auðvelt að sannreyna í gögnum Veðurstofunnar. Höfuðborgarbúar mundu því fá fleiri skíðadaga og geta notið fjallanna í betra veðri með því að hafa þennan valkost. Oft er sagt að Skálafell sé sólarmegin sem sjaldan er hægt að segja um Bláfjöll.

Yfirfullt í Bláfjöllum: Á góðum dögum eru Bláfjöll oft yfirfull af gestum, sem skapar bæði vandamál hvað varðar öryggis- og aðgengismál. Norðurleiðin (Öxlin) hefur verið varasöm í vetur vegna fólksfjolda og slæmra skilyrða. Erfitt hefur verið að fá bílastæði á þessum fyrstu vikum ársins, ekki síst þar sem Suðursvæðið hefur takmarkað verið opið.

Skálafell býður um margt upp á heppilegra aðgengi fyrir fjölskyldufólk þar sem brekkurnar byrja og enda á sama stað. Byrjendasvæðið er gott og aðgengilegt og eru brekkur í Skálafelli almennt bæði lengri og auðveldari en í Bláfjöllum. Skálafell er einnig fjölbreyttara svæði frá náttúrunnar hendi, margar tegundir af brekkum og ótal leiðir sem að dreifir úr gestum svæðisins. Í giljum Skálafells finnur yngra skíða- og brettafólk náttúrulega stökkpalla og fleiri ævintýri. Það má ekki



gleymast að fyrir yngri iðkendur er leikur á skíðum og brettum gjarnan mikið aðdráttarafl. Frjáls leikur án áherslu á árangur eða keppni á að margra mati undir högg að sækja í nútímasamfélagi og full ástæða til að efla tækifæri ungs fólks á þeim vettvangi.

Æfinga- og keppnisaðstaða: Skálafell er einstakt svæði fyrir æfingar og keppni. Það að hafa tvö svæði eykur fjölbreytileikann í æfingum og ólík veðurskilyrði fjölga æfingadögum. Til viðbótar býður Skálafell upp á einu löglegu stórsvigsbrekkuna sunnan heiða, sem er ótvíræður akkur fyrir keppnisfólk á landinu öllu. Hópurinn sem kennir sig við Opnum Skálafell hefur ekki hagsmuna að gæta innan íþróttafélaga heldur liggur þungi okkar baráttu nær hagsmunum almennings.

Gönguskíði og fjallaskíði: Mikill vöxtur hefur verið í gönguskíðum á undanförnum árum. Um Skálafellið má leggja brautir víða. Skálafellið hefur einnig fest sig í sessi sem vinsæll áfangastaður fjallaskíðafólks sem nýtir sér auðvelda aðkomu að snjólinu, skemmtilegar brekkur og víðsýni. Í norðurhlíð Skálafells má stunda fjallaskíði flest ár til loka maí.

Fjárfesting: Við gerum okkur grein fyrir að endurofnun og viðhald skíðasvæðisins krefst mikils fjármagns, en við teljum að ávinningurinn fyrir samfélagið sé mun meiri. Fyrirliggjandi er undirritaður samningur um uppbyggingu á svæðinu sem við vonumst til að verði efndur. Hópurinn sem kennir sig við Opnum Skálafell er meðvitaður um að kostnaðargreining við „fulla“ uppbyggingu sýndi að fjárfestingin er umtalsvert meiri en samningur um uppbyggingu skíðasvæða gerði ráð fyrir en við förum þess á leit að uppbygging verði ekki látin sökkva undan óraunhæfum, og ef til vill óþörfum, kostnaðarliðum heldur verði forgangsraðað og áhersla lögð á að koma svæðinu í notkun sem fyrst með skynsamlegri uppbyggingu. Gleymum því ekki að skíðaiðkun á sér stað í brekkunum en ekki í skálunum. Við berum virðingu fyrir því stjórnmalafólki sem hefur metnað fyrir því að fara vel með almannafé en teljum engu að síður að fjölbreyttir hagsmunir almennings felist í endurreisn Skálafells.

Aðgerðir og næstu skref: Við hvetjum til þess að stjórnvöld og hluteigandi aðilar standi við gerða samninga um uppbyggingu og opnun nýrra lyfta og bættis aðgengis að svæðinu.

Við treystum því að ykkar stuðningur og skilningur á þessu mikilvæga máli muni leiða til jákvæðra breytinga sem hagnast öllum íbúum höfuðborgarsvæðisins og jafnvel víðar. Við treystum því einnig að við fáum áheyrn og að stjórnmalafólk á höfuðborgarsvæðinu standi við þá stefnu frá síðasta kjörtímabili sem unnin var um uppbyggingu í Skálafelli. Við hvetjum sveitarfélögin sem standa að samstarfsnefnd um rekstur skíðasvæðanna til að endurskoða ákvörðunina um lokun Skálafells og hefja undirbúning að opnun á ný.

Virðingarfyllst,

Bárður Örn Gunnarsson, Kópavogi

Emil Þór Guðmundsson, Seltjarnarnesi

Kári Jóhann Sævarsson, Reykjavík

Magne Hvam, Mosfellsbæ

Guðmundur Jakobsson, Reykjavík

Sóley Þórisdóttir, Garðabæ

Linda Björk Sumarliðadóttir, Hafnarfirði